

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	12.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Kristján Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik eru opin úr eldri eftirlitum. Annað frávikið varðar að ekki liggja fyrir skráningar og niðurstöður úr innra eftirliti rekstraraðila, þá vegna mælinga á stöðu grunnvatns. Hitt frávikið varðar að skilafrestur á upplýsingum vegna skráninga innra eftirlits undangengis almannaárs var ekki virtur.

Í eftirliti nú komu fram fjögur frávik frá starfsleyfi. Varða þau að magn timburs á urðunarstað er langt umfram heimildir í starfsleyfi, skráningar vegna ársins 2023 liggja ekki fyrir, rekstraraðili framkvæmdi ekki grunnvatnsmælingar vegna ársins 2023 og skýrslu úr innra eftirliti rekstraraðila var ekki skilað inn vegna ársins 2023 og innan tilskilins tímafrests sem miðast við 1. maí ár hvert fyrir undangengið almannaárs.

Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi í samræmi við 57 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila gildir fyrir urðun og meðhöndlun úrgangs á urðunarstað í landi Breiðabólstaðar á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi. Á urðunarstað er heimilt að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi á ári til urðunar, kurlunar og geymslu, með uppruna úr Skaftárhreppi. Heimilt er að að geyma eftirfarandi úrgang á urðunarstað: Timbur, hjólbarða, plast og brotajárn, svo fremur sem hann safnist ekki upp umfram heimildir starfsleyfis. Starfsleyfið var upphaflega gefið út þann 27. nóvember 2013. Síðasta breyting var gerð þann 20. ágúst 2019 og er gildistími þess til 27. nóvember 2029.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Farið yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð á urðunarstað

Síðast fór fram eftirlit með urðunarstaðnum í ágúst 2023 og komu þá fram þrjú frávik í eftirliti og vörðuðu þau að halda skal saman skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem berst til rekstraraðila, þá bæði þann sem er móttekinn og þann sem urðaður er. Var þá mikið magn af úrgangi til staðar í geymslu, m.a. hjólbarðar, málmúrgangur og timburhaugar. Annað frávikið varðaði skráningar vegna innra eftirlits rekstraraðila, skorti eftirlitsmælingar á grunnvatni. Þriðja frávikið varðaði að niðurstöðum skráninga var ekki skilað til eftirlitsaðila, fresturinn sem frávikið er um var til 1. maí 2023.

Samkvæmt úrgangsskráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar eru skráð 119 tonn í urðun á Stjórnarsandi. Þar af eru 21 tonn af óvirkum úrgangi skráð undir „notað sem fyllingarefni“. Er

vakin athygli á því að í þeim tilfellum þar sem óvirkur úrgangur er móttækinn og móttakandi fær greitt fyrir móttöku úrgangs, skal hann skráður í urðun ef handhafi úrgangsins er að losa sig við úrganginn til förgunar. Fylling er skilgreind sem sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða í tæknilegum tilgangi við landmótun. Úrgangur sem notaður er í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem ekki er úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem nauðsynlegt er til þess að ná slíkum tilgangi (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs). Sjá nánar undir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar er fjallar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar (apríl 2024) og er aðgengileg inn á heimasíðu stofnunarinnar. Telur eftirlitsaðili að þörf geti verið á að rekstraraðili endurskoði skráningarnar inn í gagnagátt stofnunarinnar.

Sveitarfélagið vinnur við endurskipulagningu vegna úrgangsmála á svæðinu. Hyggst hann draga úr urðun á svæðinu og taka eingöngu við óvirkum úrgangi. Stendur til að taka hvorki við almennum úrgangi né rekstrarúrgangi og beina slíkum úrgangsstraumum inn á urðunarstað sem staðsettur er við Skógarsand í Rangárþingi eystra. Hefur rekstraraðili látið koma öllum málmúrgangi og hjólbörðum sem voru uppsöfnuð á urðunarstað í förgun frá urðunarstað. Er auðséð að úrbætur hafa farið fram en þó er til staðar mikill timburhaugur á urðunarstaðnum. Ekki liggja fyrir skráningar á magni timbursins en gróflega má áætla að um 700 tonn séu af timbri á urðunarstaðnum ef miðað er við að svæðið sem timburhaugurinn stendur á sé 1400 m² og að meðalhæð hans sé um 80 cm (m.v. eðlisþyngd meðal eldiviðs: 700 kg/m³). Átti að vera búið að fjarlægja timburhauginn en hafa þær framkvæmdir tafist að sögn rekstraraðila. Í starfsleyfi eru takmörk sett varðandi geymslu úrgangs og miðað við að magn timburs á athafnasvæði skuli ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni.

Rekstraraðili hefur ekki staðið við innra eftirlit vegna stöðu grunnvatns, var rætt um það í eftirliti að nauðsynlegt er að koma á slíkum mælingum sem allra fyrst til að hægt sé að taka stöðuna á grunnvatninu. Rekstraraðila var ekki kunnugt um að mælingar hafi verið gerðar. Í vettvangsferð var athugað með stöðuna á sýnatökubrunnum, mögulega eru þeir komnir undir gróður. Var rekstraraðila ráðlagt að leita ráðgjafar hjá þriðja aðila upp á að koma fyrir hnitum og merkingum fyrir sýnatökubrunna og koma á mælingum. Þurfa slíkar mælingar að eiga sér stað fyrir 1. okt. hvers árs, og upplýsingum skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 1. maí, í skýrslu sbr. gr. 5.3. í starfsleyfi. Engar athugasemdir eru gerðar við ásjýnd urðunarstaðar og aðkomu að öðru leyti en það sem hefur verið nefnt hér að ofan.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 5.1 og 5.3 í starfsleyfi:	Skráningar vegna ársins 2023 eru ekki til staðar í samræmi við starfsleyfi vegna tölul. 2-4. Skýrslur vegna þeirra skráninga hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila innan tilskilins tímafrests. Skilafrestur var 1. maí síðastliðinn vegna ársins 2023.
grein 5.2 í starfsleyfi:	Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt eftirlitsmælingar árið 2023 vegna stöðu grunnvatns eftir mælingaráætlun sem lögð er fram í starfsleyfi.
grein 1.2 í starfsleyfi:	Heimilt er að taka við timbri til kurlunar og geymslu. Magn úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og magn timburs á athafnasvæði skal ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni. Magn timburs á urðunarstað er töluvert umfram þá heimild sem kemur fram í starfsleyfi (sjá nánar í umfjöllun í skýrslu).

ANNAÐ

Þegar frávik eru sett í eftirliti, ber rekstraraðila að bregðast við þeim með úrbótum eða áætlun um úrbætur. Eftir að rekstraraðili fær send drög að eftirlitsskýrslu hefur hann tvær vikur til að setja fram athugasemdir vegna eftirlits. Lokaskýrsla er send á rekstraraðila að tveimur vikum liðnum og hefur þá rekstraraðili almennt þrjár vikur til að senda eftirlitsaðila úrbótaáætlun eða bregðast við frávikum sem sett eru í eftirliti. Stofnunin viðheldur eftirfylgni með málum þeim sem ekki hefur verið svarað eða engar úrbætur hafa verið lagðar fram. Eftirfylgni fer eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir